

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Flóahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Flóahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulag, Lækjarbakki 1 og 2, landbúnaðarsvæði.

Deiliskipulagið nær til 11,5 ha svæðis úr tveimur jörðum, Lækjarbakka 1 og 2. Heimilt er að reisa tvö íbúðarhús að hámarki 200 m² hvort, tvö hesthús og tvær geymslur/skemmur að hámarki 500 m² hvort og 500 m² reiðhöll, innan afmörkunar deiliskipulagsins. Hámarkshæð húsa er 8 m.

Samþykkt í sveitarstjórn 13. september 2017.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 13. desember 2017.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 19. desember 2017